



MENNTAMÁLASTOFNUN

Kópavogur, 3. janúar 2019

Sveitarfélag: Akureyrarkaupstaður

Efni: Eftirfylgni með kennslustundum í list- og verkgreinum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið Menntamálastofnun að fylgja eftir kröfum um lögbundinn kennslustundafjölda í list- og verkgreinum í grunnskólum. Forsaga málsins er að mennta- og menningarmálaráðuneytið ásamt Hagstofu Íslands tóku saman á árinu 2016 upplýsingar um kennslustundafjölda í list- og verkgreinum. Í ljós kom að í 89% grunnskóla voru vikulegar kennslumínútur í list- og verkgreinum skólaárið 2015-2016 undir lögboðnum lágmarksviðmiðum viðmiðunarstundaskrár samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Menntamálastofnun hefur verið falið af mennta- og menningarmálaráðuneytinu að kalla eftir upplýsingum frá þeim grunnskólum sem voru undir lágmarksviðmiðum viðmiðunarstundaskrár og gera úttekt á stöðu mála hjá viðkomandi sveitarfélagi og grunnskólum.

Á skólaárinu 2015-2016 vantaði kennslumínútur í list- og verkgreinum grunnskóla sveitarfélagsins sem hér segir:

Tafla: Fjöldi kennslumínútna á viku sem vantar (-) eða er umfram (+) miðað við lágmarksviðmið.

Skóli	Yngsta stig	Miðstig	Ungl.stig	Staða
Lágmarksviðmið	900	840	340	skv. 2015-2016
Brekkuskóli	-80	0	-180	Undir á yngsta- og ungl.stigi
Giljaskóli	-20	120	-180	Undir á öllum stigum
Glerárskóli	-100	+80	+220	Undir á yngsta stigi
Grímseyjarskóli*	+30	240	+287	Undir á miðstigi
Hlíðarskóli*	+240	-110	+410	Undir á miðstigi
Hríseyjarskóli*	+60	-120	+137	Undir á miðstigi
Lundarskóli	-20	-120	+20	Undir á yngsta- og miðstigi
Oddeyrarskóli	-260	0	-20	Undir á yngsta- og ungl.stigi
Síðuskóli	-20	0	-220	Undir á yngsta- og ungl.stigi

* Tekið mið af því að ekki eru allir árgangar á öllum skólastigum.

Vegna þessa er óskað eftir því að sveitarfélagið veiti upplýsingar um kennslumínútur á viku í list- og verkgreinum fyrir yfirstandandi skólaár í ofantöldum grunnskólum sveitarfélagsins. Ef kennslustundir eru undir lágmarksviðmiðum um lögbundinn kennslustundafjölda í list- og verkgreinum er óskað eftir skýringum og enn fremur upplýsingum um hvernig verði bætt úr, þannig að kennsla í list- og verkgreinum samrýmist ákvæðum viðmiðunarstundaskrár aðalnámskrá grunnskóla.

Eftirfarandi grunnskóli í sveitarféluginu uppfyllti lágmarksviðmið viðmiðunarstundaskrár í list- og verkgreinum og er því ekki þörf á upplýsingum frá honum:

- Naustaskóli

Meðfylgjandi er fylgiskjal með frekari upplýsingum um viðmiðunarstundaskrá fyrir list- og verkgreinar.

Vinsamlegast sendið umbeðnar upplýsingar um kennslumínútur á viku í list- og verkgreinum **skipt niður eftir grunnskólum og stigum** fyrir þá grunnskóla sveitarfélagsins sem voru undir lágmarksviðmiðum ásamt skýringum ef viðmiðum er ekki náð.

Þess er vænst að svar berist Menntamálastofnun með tölvupósti á netfangið berglind.hansen@mms.is, **fyrir 31. janúar 2019.**

Fh. Menntamálastofnunar,

Virðingarfyllst,

Sverrir Óskarsson,
sviðsstjóri matssviðs

Berglind Hansen,
sérfræðingur matssviðs

Fylgiskjal

Nánari upplýsingar um viðmiðunarstundaskrá fyrir námssvið.

Undir listgreinar heyra tónmennt, sjónlistir og sviðslistir en undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Ekki er gerður greinarmunur á list- og verkgreinum í viðmiðunarstundaskrá og aðeins tilgreint hversu margar kennslumínútur nemendur eiga að fá fyrir allar námsgreinar til samans. Skólum er í sjálfsvald sett að dreifa kennslumínútunum innan tímabilsins en að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að tíminn dreifist jafnt milli árganga samkvæmt faglegum sjónarmiðum. Þá er gert ráð fyrir að þessi tvö námssvið hafi jafnt vægi innan heildartímans.

Í 1.–4. bekk eiga nemendur að fá samtals 900 kennslumínútur á viku (heildartími).

Í 5.–7. bekk eiga nemendur að fá samtals 840 kennslumínútur á viku (heildartími).

Í 8.–10. bekk eiga nemendur að fá samtals 340 kennslumínútur á viku (heildartími).

Tími sem er ætlaður fyrir valgreinar er tilgreindur sérstaklega og eiga nemendur í 1.–4. bekk að fá samtals 300 kennslumínútur á viku í valgreinar, nemendur í 5.–7. bekk eiga að fá 160 kennslumínútur og nemendur í 8.–10. bekk skulu verja 1.330 kennslumínútum í valgreinar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ásamt Hagstofu Íslands tók saman á árinu 2016 upplýsingar um kennslustundafjölda í list- og verkgreinum. Í ljós kom að skólaárið 2015-2016 var hann undir lögboðnu lágmarksviðmiði viðmiðunarstundaskrár í nokkrum fjölda grunnskóla. Hér eru nánari upplýsingar um úttektina: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/allar-frettir/frett/2017/03/07/Rettur-nemenda-tilkennslu-i-list-og-verkgreinum-ekki-naegilega-virtur/>

Í viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er viðmiðunarstundum í námsgreinum og námssviðum skipt í þrjú tímabil eða í 1.–4. bekk (yngsta stig), 5.–7. bekk (miðstig) og 8.–10. bekk (ungl.stig). Til þess að kanna hvort skólar kenna tilskilinn lágmarksfjölda kennslustunda (kennslumínútur) í hverri námsgrein þarf því að skoða heildarfjölda í greininni yfir þriggja/fjögra ára tímabil.

Nánari upplýsingar eru í aðalnámskrá (sjá bls. 51, 52 og 53). Sjá hér:

<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettatengt2016/Adalsnamskra-grunnskola-3.-utg.-2016.pdf>